

Mat á starfsáætlun Reykjahlíðarskóla



2021-2022

Efnisyfirlit

Um skólann	5
Hagnýtar upplýsingar	5
Opnun skóla	5
Mötuneyti	6
Skólaakstur veturinn 2021-2022	6
Fatnaður og óskilamunir	7
Námsgögn	7
Bókasafn	7
Leyfi, veikindi og forföll nemenda	7
Óveður eða ófærð	7
Heimasíða	8
Skólinn í tölum	8
Nemendur - fjöldi í árgöngum, bekkjarskipan og umsjónarkennarar 2021-2022	9
Starfsfólk skólans	10
Starfsmenn í leyfi:	10
Móttaka nýrra starfsmanna	11
Starfsmannaviðtöl	11
Ráðningarsamningar	11
Trúnaðarmenn og öryggisverðir	11
Viðtalstími kennara og annars starfsfólks	12
Stjórnskipulag skólans	12
Fastir fundir og fundaráætlun	12
Þriðjudagar kl. 15:15 –16:30	12
Miðvikudagar kl.15:15-16:00	12
Kennarafundir, fundaáætlun	13
Starfsmannafundir, fundaáætlun	14
Starfspróun	15
Starfspróunarverkefni skólaársins 2021 - 2022	15
Skóladagatal	16
Skipulag skólaársins	17
Helstu viðburðir skólaársins	17

Viðmiðunarstundaskrá	19
Fjöldi kennslustunda	20
Val á unglingastigi	20
Tilhögun kennslu, kennsluaðferðir og kennsluáætlanir allra árganga	21
Kennsluskipan	21
Kennsluaðferðir	21
Bekkjarkennsluaðferðir	22
Innlifunaraðferðir og tjáning	22
Leitaraðferðir	22
Hópvinnuaðferðir	22
Sjálfstæð skapandi viðfangsefni	22
Verklegar æfingar	22
Þulunám og þjálfunaræfingar	22
Umræðu- og spurnaraðferðir	23
Markmið og viðmið um árangur samræmdra prófa	23
Fristund	23
Samstarf	23
Samstarf við leikskólann Y1	23
Samstarf við tónlistarskólann	24
Samstarf við framhaldsskóla	24
Samstarf við Mývetning, íþróttá- og ungmennafélag	24
Samstarf við Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps	24
Samstarf við Sundlaugina á Laugum í Reykjadal	24
Samstarf heimilis og skóla	24
Foreldrafélag	28
Stjórn foreldrafélags 2021-2022	28
Bekkjjarfulltrúar	28
Tölvupóstur	29
Viðtalstímar kennara	29
Umsjónarkennari	29
Heimanám	30
Móttökuáætlun	30
Ráð og nefndir	30
Skólaráð	30
Stjórn skólaráðs veturinn 2021-2022	31
Funda- og starfsáætlun skólaráðs Reykjavíðarskóla 2021-2022	31

Skólanefnd	32
Skólanefnd	33
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla veturinn 2021-2022	33
Nemendaráð 2021-2022	33
Sjoppuráð	33
Nefndir	33
Jákvæður agi	34
Grænfáninn	38
Heilsueflandi grunnskóli	42
Nemendaverndarráð	46
Jafnréttissráð	46
Áfallateymi	46
Ráð gegn einelti	47
Skólareglur	47
Skólareglur	47
Viðurlög	50
Viðverða sérfræðinga	51
Skimanir sem gerðar eru með reglubundnum hætti	51
Keldan	51
Skólahjúkrunarfræðingur	52
Innra mat á skólastarfi	52
Umbótaáætlun skólaársins 2020 - 2021	53
Lestrarstefna	53
Viðbrögð við vá	53
Rýmingaráætlun	54
Lokaorð	54

Inngangur

Mat á starfsáætlun Reykjahlíðarskóla fyrir skólaárið 2021-2022 fór fram í júní. Mat er unnið með þeim hætti að farið er yfir alla þætti starfsáætlunar skólaársins og metið hvernig til tókst að framfylgja þeirri áætlun sem sett var fram og þar sem við á er tekið fram hvað megi betur fara í næstu starfsáætlun. Matið er sett í ramma undir hvern lið, rauðlitað.

Um skólann

Reykjahlíðarskóli

660 Mývatn

Sími: 464-4375 og 464-4376

Netfang: reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli.is

Heimasíða: Reykjahlíðarskóli

Skólastjóri er Hjördís Albertsdóttir

Reykjahlíðarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa í Mývatnssveit. Við skólann vinnur sérmenntað starfsfólk saman að því að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins. Unnið er í anda hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar og lögð áhersla á að koma til móts við námsþarfir allra nemenda. Starfsemi Reykjahlíðarskóla fer fram í tveimur húsum, Reykjahlíðarskóla og Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru birtar upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um

fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Reykjahlíðarskóla fyrir skólaárið 2021-2022, nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans.

Hagnýtar upplýsingar

Opnun skóla

Skólahúsið er opnað alla morgna kl. 8:20 og lokað þegar kennslu lýkur.

Skóli hefst kl. 8:30 alla virka daga og allir nemendur fara heim kl.15:10 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum fara allir heim kl. 12:50 að loknum hádegisverði.

Á vorönn opnaði skólinn kl. 08:00.

Mötuneyti

Nemendur skólans geta fengið morgun- og hádegisverð, alla virka daga og einnig ávexti tvisvar á dag mánudaga til fimmtudaga og einu sinni á föstudögum. Þetta er foreldrum að kostnaðarlausu. Skráning í mötuneyti fer fram í upphafi skólaárs. Starfsmönnum Skútustaðahrepps stendur til boða að fá keyptan hádegismat. Verð til starfsmanna er áætlað að hausti og sér skrifstofa Skútustaðahrepps um að innheimta greiðslur mánaðarlegar.

Morgunmatur er kl. 9:10-9:25, ávaxtastund kl. 10:50, kl. 12:30-13:00 er hádegismatur og ávaxtastund kl.14:25.

Skólaakstur veturinn 2021-2022

Nemendur sem búa utan þéttbýlismarka Reykjahlíðar eiga rétt á skólaakstri. Allir nemendur mæta í skólann á sama tíma og fara heim á sama tíma.

Eftirfarandi reglur gilda í skólabílum:

- nemendur eiga að sitja í sætum sínum og skulu hafa bílbeltin spennt
- sælgæti er óleyfilegt
- áriðandi er að foreldrar láti skólabilstjóra vita ef börn þeirra fara ekki í eða úr skóla með skólabíl

Ef foreldrar akstursbarna óska eftir því að börn þeirra taki með sér gesti heim úr skólanum verða þeir að fá samþykki bílstjóra fyrirfram.

Það er einn skólabíll sem leggur af stað frá Baldursheimi kl. 7:50. Nemendafjöldi er 8.

kl. 7:50 Baldursheimur

kl. 7:55 Gautlönd

kl. 8:05 Álftagerði/ Skútustaðir

kl. 8:10 Garður

kl. 8:25 Reykjahlíðarskóli

Heimferðir eru kl. 15:10 mánudaga til fimmtudaga og kl. 12:50 á föstudögum.

Reglur um skólaakstur má finna [hér](#).

1. maí bættist við nemandi í Vogum

Fatnaður og óskilamunir

Fatnaður og skór eiga að vera vel merktir svo og aðrar eigur nemenda. Ekki er leyfilegt að fara inn á útiskóm. Nemendur þurfa að vera klæddir þannig að þeir séu tilbúnir í útiveru og útinám. Óskilamunir eru gefnir í Rauða krossinn að vori eftir skólaslit.

Námsgögn

Nemendur fá allar námsbækur að láni og eiga að skila þeim að notkun lokinni. Fara verður vel með bækurnar, því þær þarf að nota aftur. Verkefnabækur fá nemendur til eignar. Einnig fá nemendur stílabækur og ritföng til afnota í skólanum. Nemendur á unglíngastigi hafa hver um sig spjaldtölvu í eigu skólans til afnota á skólatíma. Kennari getur veitt nemendum heimild til að taka spjaldtölvu með sér heim ef þess þarf vegna verkefnavinnu.

Bókasafn

Í skólanum er lítið bókasafn. Þar eru til ýmsar fræðibækur og uppflettirit sem að öllu jöfnu eru ekki lánuð út úr skólanum. Einnig er til nokkurt magn skáldsagna og tímarita sem nemendur geta fengið lánað að vild. Samstarf er við Bókasafn Mývatnssveitar um lán á bókum.

Opnunartími bókasafns er á kennslutíma og sjá kennarar um að fara með nemendur á safnið.

Leyfi, veikindi og forföll nemenda

- Veikindi nemenda eiga foreldrar/forráðamanna að tilkynna milli kl. 8:00 og 8:30 í síma skólans.
- Leyfi í tvo daga sækja foreldrar/forráðamenn um til umsjónarkennara. Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um til skólastjóra á sérstökum [eyðublöðum](#) sem eru á heimasíðu skólans. Annars vegar er eyðublað um leyfi í þrjá til fimm daga og hins vega í viku eða lengur.
- Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Eigi nemendur ekki að fara í íþróttir eða út í frímínútur þurfa foreldrar/forráðamenn að láta vita í skólann.

Óveður eða ófærð

Ef veður er svo slæmt að foreldrar/forráðamenn treysta börnum sínum ekki í skólann ber þeim að tilkynna það. Þegar skólahaldi er aflýst vegna veðurs er hringt heim til allra nemenda að morgni dags. Skólastjóri og skólabílstjórar taka ákvörðun um það í sameiningu. Foreldrum/forráðamönnum er alltaf heimilt að hafa börn sín heima ef veður er slæmt en ber að tilkynna það til skóla. Ef veður versnar mikið eða veðurútlit er það slæmt að ástæða þykir að stytta skólann, hringir starfsfólk í foreldra/forráðamenn og skólabílar keyra nemendur heim.

Tveir kennsludagar féllu niður vegna óveðurs

Heimasíða

Á heimasíðu Reykjahlíðarskóla er að finna gögn er varða starfsemi skólans. Á síðunni kemur fram hvenær viðkomandi þáttur var endurskoðaður og hvenær næsta endurskoðun er áætluð. Heimasíðan er handbók skólasamfélagsins. [Heimasíða Reykjahlíðarskóla](#).

Ný heimasíða fór í loftið um áramót en enn vantar töluverðar upplýsingar á hana og leiðir til að gera hana skemmtilegri og aðgengilegri.

Skólinn í tölum

	2021-2022
Fjöldi nemenda	38
Fjöldi starfsmanna	16
Fjöldi almennra kennslustunda	162
Fjöldi sérkennslustunda	6
Fjöldi umsjónarkennara	4
Fjöldi barna í Frístund	26
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	8
Stöðugildi í skólastjórn	1
Stöðugildi í kennslu	6,5
Fjöldi kennara	10
Hlutfall réttindakennara	90%
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,5
Fjöldi stuðningsfulltrúa	2
Stöðugildi Frístundar	40%
Fjöldi starfsmanna í Frístund	2
Stöðugildi mötuneytis	1,63
Fjöldi starfsmanna í mötuneyti	2
Stöðugildi skólaliða	2
Fjöldi skólaliða	2
Kynjahlutföll starfsmanna kk/kvk%	12,5/87,5
Fjöldi tölva fyrir nemendur	14
Fjöldi spjaldtölva fyrir nemendur	38
Fjöldi tölva í kennslu og stjórnun	10

Fjöldi spjaldtölva í kennslu og stjórnun	8
Fjöldi tölva fyrir starfsmenn	2
Fjöldi spjaldtölva fyrir starfsmenn	3
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%
Stærð skólahúsnaðis í fermetrum	1250

Einn nemandi bættist í hópinn 1. október en annar féll út í nóvember svo nemendafjöldi hélst óbreyttur yfir skólaárið..

Nemendur - fjöldi í árgöngum, bekkjarskipan og umsjónarkennarar 2021-2022

Bekkur	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Fjöldi alls	Samkenndsla	Umsjónarkennari
1.	6	2	8	1.bekkur	Cornelía Þorsteinsson
2.	3	1	4	2.-3. bekkur	Ólöf Þ. Gunnarsdóttir
3.	2	5	7		
4.	2	0	2	4.-6. bekkur	Sigríður G. Sigmundsd.
5.	0	2	2		
6.	2	2	4		
7.	3	2	5	7.-10. bekkur	Arnheiður R. Almarsd.
8.	0	0	0		
9.	1	1	2		
10.	1	3	4		
Alls	20	18	38		

Tölurnar eru miðaðar við 11. september 2021

Starfsfólk skólans

Arnheiður R. Almarsdóttir	Kennari	arnheidur@reykjahlidarskoli.is
Auður Jónsdóttir	Kennari	audur@reykjahlidarskoli.is
Brynja Ingólfssdóttir	Skólaliði/húsv.	brynja@reykjahlidarskoli.is
Bernadetta Kozaczek	Matráður	bernadetta@reykjahlidarskoli.is
Cornelia S. Þorsteinsson	Kennari	cornelia@reykjahlidarskoli.is
Eydis Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	eydis@reykjahlidarskoli.is
Ingunn Guðbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	ingunn@reykjahlidarskoli.is
Hjördís Albertsdóttir	Skólastjóri	hjordis@reykjahlidarskoli.is
Hulda M. Þorlákssdóttir	Stuðningsfulltrúi	hulda@reykjahlidarskoli.is
Jóhanna Jóhannesdóttir	Leiðbeinandi	johanna@reykjahlidarskoli.is
Ólöf Þ. Gunnarsdóttir	Kennari	olof@reykjahlidarskoli.is
Sigríður G. Sigmundsdóttir	Kennari	sigridur@reykjahlidarskoli.is
Sigurður Baldursson	Aðstoði í eldhúsi	reykjahlid4@gmail.com
Sólveig Jónsdóttir	Kennari	solveig@reykjahlidarskoli.is
Stefán Jakobsson	Tónlistarkennari	stefan@reykjahlidarskoli.is

Starfsmenn í leyfi:

Ólöf Þ. Gunnarsdóttir verður í orlofi frá áramótum og út skólaárið

Tveir starfsmenn bættust í hópinn í febrúar í samt. 100% stöðu en annar datt út í apríl og hinn tók 100% stöðu. Leiðbeinandi var ráðinn í umsjónarkennarastöðu um áramótin og var út skólaárið.

Móttaka nýrra starfsmanna

Við móttöku nýrra starfsmanna er mikilvægt að fræða þá um réttindi þeirra og skyldur. Eins þarf að kynna þeim vinnustaðinn og sérkenni hans þannig að þeir finni sig heima og velkomna. Greinargóðar upplýsingar um það sem er í vændum og hlýlegt viðmót er líklegt til að leggja grunn að starfsánægju og þar með góðu vinnuframlagi starfsmanna. Í [mannauðsstefnu Skútustaðahrepps](#) er gátlisti (sjá bls. 10) fyrir verklag um móttöku nýliða. Skólastjóri tekur á móti nýjum starfsmönnum og kynnir þeim skólann og er þeim innan handar um réttindi og skyldur. Nýir kennarar og leiðbeinendur njóta aðstoðar leiðsagnarkennara sem kynna þeim gögn varðandi starfið og leiðbeina á fyrsta starfsári. Frekari upplýsingar er að finna í [Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps](#).

Starfsmannaviðtöl

Starfsmannaviðtöl fara fram í febrúar/mars. Kennarar og starfsmenn fá eyðublað til að fylla út fyrir viðtal með viku fyrirvara og skila til skólastjóra sólarhring fyrir viðtal. Í upphafi skólaárs fá kennarar eyðublað um skráningu á símenntun/starfsþróun og skila eyðublaði síðasta árs.

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars

Ráðningarsamningar

Gerðir eru ráðningarsamningar við allt starfsfólk og skrifað undir í þríriti. Starfsmaður, skólastjóri og launafulltrúi fá eintak af ráðningarsamningi.

Trúnaðarmenn og öryggisverðir

Trúnaðarmaður KÍ er kosinn til tveggja ára að hausti. Núverandi trúnaðarmaður er Sigríður G. Sigmundsdóttir og varatrúnaðarmaður er Ólöf Þ. Gunnarsdóttir.

Trúnaðarmaður starfsfólks í Framsýn er Ingunn Guðbjörnsdóttir.

Öryggistrúnaðarmaður er Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir og öryggisvörður er Brynja Ingólfsdóttir.


Viðtalstími kennara og annars starfsfólks

Viðtalstímar kennara og annars starfsfólks eru eftir samkomulagi. Hægt er að panta viðtalstíma í síma 464-4375 eða með tölvupósti sem sendur er viðkomandi kennara eða starfsmanni.

Stjórnskipulag skólans

Hjördís Albertsdóttir, skólastjóri

Sigríður G. Sigmundsdóttir, staðgengill skólastjóra



Sveitarfélagið tók við rekstri eldhúss en skólastjóri sá ennþá um mönnun og starfsmannaviðtöl starfsfólks eldhúss.

Fastir fundir og fundaráætlun

Priðjudagar kl. 15:15 –16:30

Kennarafundir eru annan hvern þriðjudag og starfsmannafundir hina þriðjudagana. Fundardagskrá er hengd upp á upplýsingatöflu á kennarastofu og allir geta sett málefni á dagskrá. Fundargerðir eru ritaðar í fundagerðarbækur. Á þessum fundum ræða kennarar og starfsmenn starfið framundan, sameiginleg verkefni, kjósa í nefndir, undirbúa samvinnu og gera annað það sem þurfa þykir skólastarfinu til heilla. Minni og auka kennarafundir eru haldnir ef þess þarf.

Miðvikudagar kl.15:15-16:00

Eru vinnufundir kennara. Í vetur verða þeir nýttir í fræðslu og annað er tengist samþættu og hæfnimiðuðu námi.

Þessir fundir féllu því miður of oft niður. Hér þarf að setja niður dagskrá um þætti sem teknir verða fyrir hverju sinni og hver sér um fræðsluna.

Kennarafundir, fundaráætlun

24. ágúst. Þagnareiður, skólabyrjun, sund á Laugum, stofuskipan o.fl., skólanámskrá uppfærð, frístund fyrirkomulag. Drög að sjálfsmatskýrslu lögð fram.

Kosningar í störf og nefndir,

- trúnaðarmaður og til vara
- umsjón með tölvum, heimasíðu, mentor
- umsjón með bókapöntunum
- umsjón með bókasafni
- stýrihópur í Jákvæðum aga og Grænfána
- stýrihópur í Heilsueflandi grunnskóla
- umsjón með félagsstarfi unglunga
- umsjón með fjáröflun unglunga

- fulltrúi í nemendaverndarráð
- 2 fulltrúar í skólaráð
- fulltrúi í skólanefnd

31. ágúst. Verkefnalisti Ásgarðs í vinnu með skólanum. Námsgagnatorgið og samþætt verkefni fyrir kennara til að vinna með. Möguleikar á sameiginlegu þema leik- og grunnskóla og tækifæri til meiri samvinnu skólastiganna

14. september. Skólaráðsfundur. Opinn fundur fyrir foreldra. Foreldraviðtöl. Hæfnimiðað námsmat 2021-2022 og Námsgagnatorg.

28. september. Fjárhagsáætlun 2022. Niðurstöður foreldraviðtala. Samþætt hæfnimiðað nám. Dagskrá október. Árshátíð. Áhugasviðsvika.

12. október. Starfsáætlun. Heilsueflandi Grænfáni og Jákvæður agi.

26. október. Samþætt hæfnimiðað nám. Nemendalýðræði og stefna um samstarf heimilis og skóla. Árshátíð. Áhugasviðsvika.

9. nóvember. Dagskrá nóvember, árshátíðin. niðurstöður úr nemendakönnun

23. nóvember. Samþætt hæfnimiðað nám.

7. desember. Dagskrá desember, námsmat og jólaþema.

Samþætt hæfnimiðað nám. Námsmat og jólaþema.

4. janúar. Starfið á vorönn. Foreldraviðtöl og foreldrakönnun.

18. janúar. Dagskrá febrúar. Hvernig nýtist fréttabréfið.

1. febrúar. Samþætt hæfnimiðað nám. Niðurstöður úr foreldraviðtölum. Nefndir og ráð kynna stöðu verkefna.

15. febrúar. Starfsmannaviðtöl.

8. mars. Samþætt hæfnimiðað nám.

22. mars. Skóladagatal og skipulag 2022-2023 dagskrá apríl. Páskar.

5. apríl. Samþætt hæfnimiðað nám.

26. apríl. Dagskrá maí og námsmat.

10. maí. Námsmat og þemadagar.

24. maí. Samþætt hæfnimiðað nám. Skólalok.

31. maí. Frágangur.

Þessi fundardagskrá gekk eftir og öll mál tekin fyrir auk annarra verkefna sem upp komu hverju sinni

Starfsmannafundur, fundaaætlun

7. september. Þagnareiður, starfsdagur dagskrá 10. september, farið yfir flokkun á sorpi, fulltrúi starfsmanna í skólaráð, fulltrúi starfsmanna í heilsuefandi grunnskóla, kosið í eineltisráð, skemmtinefnd, gjafanefnd, trúnaðarmaður starfsfólks, öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.

21. september. Öryggishandbók, sjálfsmatsskýrsla, danskennsla, dagskrá október.

5. október. Jákvæður agi.

19. október. Dagur gegn einelti, árshátíð. heilsuefandi skóli/grænfáni. Dagskrá nóvember.

2. nóvember. Innra mat, Grænfáni, grænfánadagur og hvernig er hægt að flétta grænfánann inn í skólafarfið.

16. nóvember. Jákvæður agi. Dagskrá desember.

30. nóvember

14. desember. Undirbúa þema og litlujól.

11. janúar. Staðan á grænfána.

25. janúar. Dagskrá febrúar. Jákvæður agi. Lífshlaupið kynnt.

8. febrúar. Starfsmannakönnun.

22. febrúar. Starfsmannaviðtöl. Dagskrá mars

15. mars. Niðurstöður úr starfsmannasamtölum. Öskudagsgleði. Grænfáni.

29. mars. Skóladagatal og skipulag 2020-2021.

19. apríl. Jákvæður agi. Fyrirkomulag á sundi.

Dagskrá maí. Innra mat.

3. maí. Vorþema.

17. maí. Skólalok rædd og nefndir skila skýrslum.

Þessi fundardagskrá gekk eftir og öll mál tekin fyrir auk annarra verkefna sem upp komu hverju sinni

Starfsþróun

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hins vegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans. Kennarar fylla út eigið endurmenntunarblað og skila til skólastjóra í upphafi skólaársins. Starfsþróunaráætlun tekur mið af umbótaáætlun hverju sinni.

[Starfsþróunaráætlun](#) skólans til þriggja ára er að finna á heimasíðu skólans. Starfsþróunaráætlanir kennara ættu að byggja á áherslum skólans.

Starfsþróunarverkefni skólaársins 2021 - 2022

Hvað	Hverjir	Hvenær
Skyndihjálparnámskeið	Allir starfsmenn	Ágúst/september
Eldvarnarnámskeið	Allir starfsmenn	September/október
Skólabragur: Jákvæður agi, skólaumhverfi, bekkjarfundir, lýðræði - verkefnastjóri stýrir	Allir starfsmenn	September: inngangur/ upprifjun - eftirfylgni allt skólaárið
Kennsluhættir: kynning á þróunarverkefni skólans - verkefnastjóri kynnir	Allir starfsmenn	Ágúst
Kennsluhættir: Þróunarverkefni í samþættingu námsgreina og hæfnimiðaðs	Kennarar	Allt skólaárið

náms - verkefnastjóri stýrir		
Grænfáninn og heilsueflandi skóli í námi og kennslu - tengsl við Heimsmarkmiðin	Kennarar	Allt skólaárið
Upplýsingatækni og forrit sem styðja við þróunarverkefni skólans	Kennarar	Allt skólaárið
Velferð og öryggi barna í Reykjahlíðarskóla - skólastjóri fer yfir innihald öryggishandbókar - starfsfólk kynnrir sér	Allir starfsmenn	Október/nóvember
Starfendarannsóknir, kennslustundaryni: <ul style="list-style-type: none"> - Kennarar heimsækja hvorn annan með matslista - Stjórnandi situr kennslustundir með gátlista - Samtöl í kjölfar heimsókna 	Kennarar og skólastjóri	Jafningjamat einu sinni á önn. Innlit skólastjóra tvisvar yfir skólaárið.
Innra mat - kynning á innleiðingu starfshátta við innra mat - þátttaka allra	Allir starfsmenn	Nóvember

Þetta er starfsþróunaráætlun síðasta skólaárs. Setja þarf upp nýja dagskrá fyrir starfsþróun sem taka ætti mið af breyttum kennsluháttum og gæðaviðmiðum um nám og kennslu

Skóladagatal

Skóladagatal er að finna á vefsíðu skólans, [hér](#).

Tveir kennsludagar féllu niður vegna Covid - 19, þar sem rúmlega helmingur barna og starfsfólks var með Covid.

Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustönn hefst 25. ágúst og lýkur 17. desember. Vorönn stendur frá 3. janúar til 31. maí sem er síðasti skóladagur nemenda. Skólaslit verða 31. maí 2022.

Helstu viðburðir skólaársins

- **Skólasetning** er að morgni 25. ágúst þar sem foreldrar/forráðamenn koma með börnum sínum. Skólastjóri setur skólann og síðan fara foreldrar/forráðamenn og nemendur í viðkomandi námshópa með umsjónarkennara sínum þar sem þeir fá stundaskrá og ýmis skráningarblöð. Eftir u.þ.b. klukkutíma fara foreldrar og nemendur eru í skólanum fram yfir hádegi.
- **Sund er** 31. ágúst - 2. september og 7. og 8. september
- **Útivistardagur** er að hausti eins fljótt og unnt er í góðu veðri. Farið er í gönguferðir í næsta nágrenni, eldri nemendur fara í lengri en yngri í styttri.
- **Ólympíuhlaup ÍSÍ** er 15. september og allir nemendur taka þátt.
- **Foreldraviðtöl** eru í vikunni 20-24. september og 26. janúar. Í september boða umsjónarkennarar foreldra með börn sín í viðtöl á skólatíma eða eftir að skóla er lokið á daginn. Í janúar er einn dagur í viðtöl og enginn annar skóli þann dag.
- **Rýmingaræfing** er 13. október og munu slökkviliðsstjórar aðstoða okkur, sameiginlegt með leikskóla.
- **Vetrarfrí** er fjórir dagar á skólaárinu. 14.-15. október.
- **Danskennsla** er í vikunni 18. - 22. október og er hluti af skóladegi. Nemendur fá tvo tíma á dag í fjóra daga og fimmta daginn er einn tími og þar er foreldrum boðið að koma og fylgjast með. Jafnframt verður danskennsla tvo daga í lok janúar.
- **Árshátíð** skólans er 4. nóvember. Allir nemendur skólans stíga á svið. Lögð er áhersla á að elsti hópurinn setji upp u.þ.b. klukkutíma langt leikrit. Í hléi sjá foreldrar 8. – 10. bekkjar um kaffiveitingar. Árshátíðin er auglýst opinberlega og allir velkomnir.
- **Áhugasviðsvika** er 8. - 12. nóvember
- **Dagur gegn einelti** er alþjóðlegur dagur mánudaginn 8. nóvember. Kennslan er brotin upp föstudaginn 5. nóvember vegna áhugasviðsvikunnar.

- **Dagur íslenskrar tungu** er 16. nóvember. Þann dag byrjar formlegur undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina hjá 7. bekk. Þá er uppbot á kennslu þar sem unnið er með íslenska tungu á ýmsa vegu.
- **Kveikt á jólatré.** Kveikt er á jólatré við skólann mánudaginn 29. nóvember kl. 10. Sungin eru jólalög og gengið í kringum jólatréð. Á eftir er boðið upp á kakó og piparkökur. Allir eru velkomnir.
- **Jólaþema** er 15. – 17. desember. Þá er farið í jólatarsan, fönbrað, spilað, gert laufabrauð, ís og konfekt sem síðan er snætt á Litlu jólunum.
- **Litlu jól** eru að kvöldi 17. desember frá kl. 17:30 – 20:30. Fyrst er stofustund í námshópum með umsjónarkennurum. Síðan er borðaður hátíðarkvöldverður og eftir það gengið í kringum jólatré. Yngstu nemendur sjá um skemmtiatriði.
- **Skóli hefst** að loknu jólafríi mánudaginn 3. janúar kl. 9:30
- **Foreldraviðtöl** eru 26. janúar
- **Mývómót** er íþróttamót í janúar/febrúar sem 7. - 10. bekkur sér um ásamt íþróttakennara. Þingeyjar- og Stórutjarnarskóla er boðið á íþróttamót, pizzuveislu og ball.
- **Þorrablót** er haldið 3. febrúar í umsjón foreldrafélagsins. Það er fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Elstu nemendur sjá um skemmtiatriði.
- **Grímuball** Vetrarfrí er á sprengidegi 1. mars og því ekkert grímuball þann dag eins og áður hefur verið.
- **Öskudagur 2. mars** Öskudagur er starfsdagur kennara og því enginn skóli þann dag
- **Áhugasviðsvika** er 14. - 18. mars
- **Stærðfræðidagurinn** er mánudaginn 14. mars. 11. mars er uppbot á kennslu (vegna áhugasviðsviku) og sjá elstu nemendur um skipulagningu. Reynt er að blanda saman aldurshópum og stærðfræðiverkefni unnin.
- **Skíðaferð** er farin í Hlíðarfjall í mars/apríl ár hvert. Ferðin er fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans og foreldrum boðið með ef laus sæti eru í rútu.
- **Vorþema, skólaferðalag og skólabúðir** eru 26. – 28. maí. Þá er 1. - 6. bekkur í þemaverkefnum með kennurum sínum. Nemendur 9. og 10. bekkjar fara í skólaferðalag sem þeir hafa safnað fyrir allan veturinn með alls konar fjáröflun.

- **Skólaslit** eru síðdegis 31. maí. Þá eru formleg skólaslit þar sem allir nemendur fá vitnisburð sinn fyrir skólaárið. Á eftir er boðið upp á kaffi og tertu.
- **Tvöfaldir dagar/skertir dagar:** Skólasetning, foreldraviðtöl í október og janúar, árshátíð, litlu jóla, þorrablót og skólaslit. Samtals 7 dagar
- **Skipulagsdagar kennara** eru 8 utan starfstíma skóla, 17. – 21. ágúst og 1. – 3. júní. Á starfstíma skóla eru þeir, 10. september, 15. desember og 25. maí og tveir sem á eftir að ráðstafa.

Skóladagatalið gekk upp og ekki mikið um breytingar vegna Covid. Þó var Þorrablótið með öðru sniði og því miður var ekki unnt að bjóða foreldrum á það.

Viðmiðunarstundaskrá

Námssvið	1.-4.	5.-7.	8.-10.	1.- 4.	5.- 7.	8.-10.
	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur
	Mínútur	Mínútur	Mínútur	Klst.	Klst.	Klst.
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1120	680	630	28	17	16
Erlend tungumál	80	460	840	2	12	21
List og verkgreinar	900	840	340	22	21	8
Náttúrugreinar	420	340	360	11	9	9
Skólaíþróttir	480	360	360	12	9	9
Samfélagsgreinar	580	600	360	15	15	9
Stærðfræði	800	600	600	20	15	15
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	3	4	2
Til ráðstöfunar /val	300	160	870	7	3	21

Í samþættum viðfangsefnum er nám nemenda skipulagt út frá fleiri en einni námsgrein og í kennsluáætlunum er tiltekið hvernig samþættingin birtist.

Fjöldi kennslustunda

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

- 1. - 4. bekkur 30 kennslustund + 7 stundir í frístund og íþróttaskóla = 37 kennslustundir
- 5. - 7. bekkur 35 kennslustundir + 2 stundir í frístund og íþróttaskóla = 37 kennslustundir
- 8. - 10. bekkur 37 kennslustundir
- Miðað er við 40 mínútna kennslustundir.

Áætlun um kennslustundafjölda stóðst. Í kennsluáætlunum samþættra verkefna var leitast við að áætla hlut hæfniviðmiða námsgreina í hverju verkefni fyrir sig.

Val á unglingastigi

Ekki var hægt að halda fund að vori um tilhögun valgreina vegna COVID. Sendar voru heim upplýsingar og foreldrum og nemendum boðið að koma óskum á framfæri. Síðan var unnið úr þeim upplýsingum og gerður listi yfir þær. Nemendur fengu síðan lista með sér heim þar sem þeir forgangsroðuðu sínum óskum. Þær niðurstöður urðu síðan grunnur að endanlegu bundnu vali vegna fámennrar unglingadeildar.

Nemendum 7. - 10. bekkjar stóð einnig til boða að taka þátt í rafrænu tölvuleikjanámskeiði hjá Ásgarði ásamt öðrum skólum víðsvegar um landið. Fimm nemendur nýttu sér það.

Nemendum er heimilt að sleppa einni valnámsgrein skólans á hvorri önn á móti vali utan skóla. Samkvæmt 26. gr. grunnskólalaga stendur m.a. „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti

viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“. Ef nemendur eru í vali utan skóla er það á ábyrgð foreldra að fylgjast með mætingu og ástundun, eyðublöð eru á heimasíðu skólans. Dæmi um metnar valgreinar eru tónlistarnám, íþróttir, fjarnám og björgunarsveitarstarf en ýmislegt fleira kemur til greina.

Til viðbótar við þetta val eru vinnustofur einu sinni í viku í 40 mínútur. Það sem hægt er að gera í vinnustofum er t.d.

- vinna heimavinnu
- fá upprifjun og stuðning í námsefni
- fá meiri aðstoð í þeim greinum sem nemendur eru óöruggir
- undirbúa sig fyrir próf
- vinna að ritgerð
- skipuleggja möppur o.fl.

Nemendur velja sér viðfangsefni hverju sinni. Vinnustofa reynir á sjálfstæð vinnubrögð, sjálfsaga, skipulagningu og ábyrgð á eigin námi.

Rafræna tölvuleikjavalíð heppnaðist ekki nógu vel þar sem nemendur 7. bekkjar höfðu ekki forsendur í sjálfstætt nám. Áhugasvið var allan veturinn en nemendur voru mikið til farnir að nýta það fyrir heimanám og væri sniðugra að hafa eitthvað svipað Tannhjólinu þar sem markvisst er unnið með hönnunarhugsun.

Tilhögun kennslu, kennsluáðferðir og kennsluáætlanir allra árganga

Kennsluskipan

Stundaskrár eru á Mentor. Samkennsla árganga er samkvæmt því sem þegar hefur komið fram í tölulegum upplýsingum frammar í skjalinu. Allir nemendur skólans koma á sama tíma að morgni og fara á sama tíma heim í lok skóladags. Yngri nemendur eru þrisvar sinnum í viku í frístund innan skólatíma og fara heim á sama tíma og eldri nemendur. Mánudaga til fimmtudaga eru 8 kennslustundir á dag en á föstudögum eru þær 5. Námsvísa hvers bekkjar má finna [hér](#).

Á skólaárinu er unnið að samþættingu námsgreina og hæfnimiðuðu námi og leitast við að starfsfólk fái stuðning við að innleiða breytta kennsluhætti eins og þeim þykir þurfa. Markmið umbóta er að nám verði að stórum hluta í samþættum viðfangsefnum, þvert á námsgreinar þar sem lykilþættir og grunnþættir menntunar birtast markvisst í námi nemenda. Leitast verður við að nemendur komi með skipulögðum hætti að markmiðssetningu eigin náms. Í vor er áætlað að búið verði að setja ákveðin viðmið um hlutfall þeirra kennsluhátta sem viðhafðir verða í skólanum á komandi árum. Hér á eftir eru dæmi um þær kennsluaðferðir sem viðhafðar eru í skólanum.

Efla þarf sýnileika og framkvæmd samþætta námsins. Kennarar þurfa stuðning (ath. starfsþróunaráætlun) til að efla sig í starfi og setja þarf viðmið um hlutfall kennsluhátta og framfylgja því.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir skulu vera sem fjölbreyttastar. Með þeim skal leitast við að koma til móts við mismunandi námsgetu, námsþarfir, námshætti og áhugasvið nemenda og gera námið lifandi og áhugavert. Unnið verður að samþættingu námsgreina út frá hæfniviðmiðum.

Bekkjarkennsluaðferðir

Bekkjarkennsluaðferðir, bein kennsla, útlistunarkennsla, kennslubókarkennsla og umræðuaðferðir, eiga við þegar kennari stendur fyrir framan nemendahópinn og kynnir, útskýrir, sýnir myndband, heldur fyrirlestur, skrifar á töflu, tekur nemendur upp að töflu, stjórnar umræðum og fleira. Nemendur sitja í sætum sínum og fylgjast með, vinna í vinnubókum, vinna verkefni eða taka þátt í umræðum.

Innlifunaraðferðir og tjáning

Leikræn tjáning er samheiti yfir aðferðir sem byggja á því að nemendur sjái fyrir sér hluti, lifi sig inn í aðstæður eða setji sig í spor annarra. Þessar aðferðir byggja á því að nemendur tjái sig með myndrænum eða leikrænum hætti og lifi sig inn í líf fólks.

Leitaraðferðir

Með leitaraðferðum er átt við aðferðir þar sem leitast er við að líkja eftir fræðilegum vinnubrögðum. Markmiðið er að virkja nemendur í að vinna vísindalega, afla upplýsinga í

viðtölum, með vettvangsathugunum, tilraunum, heimildavinnu, greiningu á gögnum o.fl. Kennari leiðir kennsluna áfram með hliðsjón af því hver viðbrögð nemenda verða.

Hópvinnuaðferðir

Með hópvinnuaðferðum er átt við þegar nemendum hefur verið skipt í hópa. Hóparnir vinna að hvers konar verkefnum sem kennari hefur skipulagt. Kennari fer á milli hópa og aðstoðar eftir þörfum. Samvinnunám og markviss samvinna er mikilvæg aðferð við að ná fram árangri umfram væntingar.

Sjálfstæð skapandi viðfangsefni

Hér er átt við kennsluaðferð þar sem lögð er áhersla á að nemendur vinni upp á eigin spýtur eða í hópum að skapandi viðfangsefnum sem þeir eiga verulegan þátt í að skapa og þróa. T.d. má nefna þemanám, söguaðferð og landnámsaðferðina.

Verklegar æfingar

Með verklegum æfingum er verið að þjálfa vinnubrögð og leikni. Þær eru megin uppistaða í kennslu margra list- og verkgreina. Má þar nefna íþróttir, mynd – og handmennt ýmis konar og iðngreinar.

Þulunám og þjálfunaræfingar

Með þulunámi og þjálfunaræfingum er verið að efla þekkingu nemenda og festa hana í minni eða þjálfa leikni. Dæmi um kennsluaðferðir eru skriflegar æfingar, vinnubókakennsla, yfirferð námsefnis og námsleikir. Nemendur læra utanbókar, tileinka sér tiltekna leikni og leysa skrifleg verkefni.

Umræðu- og spurnaraðferðir

Með umræðu – og spurnaraðferðum er verið að vekja nemendur til umhugsunar, þjálfa rökhugsun, kenna þeim að tjá sig, rökræða og taka tillit til annarra. Dæmi um kennsluaðferðir eru umræðuhópar, spurnaraðferðir, málstofur og málfundir. Nemendur taka þátt, sýna áhuga, ræða saman og hlusta á aðra.

Markmið og viðmið um árangur samræmdra prófa

Markmið Reykjahlíðarskóla er að öllum nemendum fari fram á milli samræmda prófa í 4., 7. og 9. bekk. Það er viðmið um góðan árangur að hverju barni fari fram við reglubundnar mælingar. Þetta á einnig við um niðurstöður lestrarprófanna sem fara fram í september, janúar og maí. Fari nemendum ekki fram eru gerðar sérstakar áætlanir um hvernig brugðist er við í hverju tilfelli.

Frístund

Frístundastarf er starfrækt þrjá daga í viku, mánu-, miðviku- og fimmtudaga, eftir skóla fyrir nemendur í 1.-4. bekk og einu sinni í viku fyrir nemendur í 5.-7. bekk. Í frístund er fjölbreytt starf þar sem leikurinn er hafður í fyrirrúmi í öllu starfi. Dæmi um verkefni frístundar eru spil, perlur, lita/teikna, tölvur, lego, útivera og svo er íþróttaskóli í umsjá Mývetnings, íþróttá- og ungmennafélags, í boði alla dagana. Skráning í frístund fer fram að hausti og er frístundin foreldrum að kostnaðarlausu.

Starfsmenn frístundar eru Hulda María Þorlákssdóttir og Ingunn Guðbjörnsdóttir. Starfsmenn íþróttafélagsins eru Stefán Jakobsson, Jón Friðriksson,

Samstarf við Mývetning gekk brösulega fyrir áramótin þar sem íþróttatímar féllu oft niður og láðist að koma upplýsingum tímanlega til skólans. Eftir áramótinn tók nýr starfsmaður við íþróttatímum Mývetnings og var boðið upp á fjölbreyttara úrval tíma. Úr varð gott samstarf og börnin voru ánægð.

Samstarf

Samstarf við leikskólann Yl

Leikskólinn Ylur er starfræktur í sama húsi og skólinn með sameiginlegt mötuneyti. Samstarf við leikskólann hefur verið reglulegt í gegnum tíðina. Nemendur leikskólans koma í heimsókn í skólann u.þ.b. einu sinni í mánuði. Að vori koma þau í lengri heimsókn. Heimsóknir þessar eru til að undirbúa þau fyrir væntanlega skólagöngu.

Útikennsla er að nokkru leyti sameiginleg með leik- og grunnskólanum.

Þegar uppákomur eru í sal skólans er nemendum leikskólans boðið ef það hentar fyrir þau t.d. leiksýningar. Eldri nemendur leikskólans koma í danskennslu í grunnskólanum.

Elsti árgangur leikskólans kom einu sinni í viku yfir í 1. bekk og gekk það vel. VEGna breytinga á kennsluháttum í 1. -4. bekk næsta vetur sjá kennarar ekki fyrir sér að sama fyrirkomulag verði á fyrir áramótin 2022.

Samstarf við tónlistarskólann

Ráðinn hefur verið tónlistarkennari við Tónlistarskóla Mývatnssveitar sem sér einnig um tónlistarkennslu í grunnskólanum.

Nemendur eiga kost á að sækja tónlistartíma á skólatíma í samráði við kennara. Um er að ræða einkatíma eða hópæfingar.

Samstarf við tónlistarskólann gekk að mestu vel. Nemendur voru ánægðir og vetrinum lauk með vortónleikum. Það sem þarf að hafa í huga eru fleiri “tónfundir” eða tónleikar yfir veturinn. Einnig var samstarf milli tón- og leikskóla þar sem kennari fór einu sinni í vikuyfir í leikskóla eða börnin fóru upp í tónlistarstofu

Samstarf við framhaldsskóla

Framhaldsskólarnir í kringum okkur bjóða nemendum til sín í skólakynningar. Skólarnir eru Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn á Húsavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Akureyri.

Nemendur 7., 9. og 10. bekkjar fóru á skólakynningar hjá VMA og MA. Hugað er að enn auknun samstarfi unglिंगadeildar við Framhaldsskólann á Laugum í samfloti með Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla

Samstarf við Mývetning, íþróttá- og ungmennafélag

Í Mývatnssveit er starfrækt íþróttafélagið Mývetningur. Það hefur um margra ára skeið séð um íþróttæfingar af ýmsum toga fyrir börn og unglinga. Samvinna er milli skólans og íþróttafélagsins t.d. íþróttaskóli fyrir yngstu bekkina þrisvar í viku þegar frístundin er.

Samstarf við Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

Reykjavíkarskóli er í samstarfi við Íþróttamiðstöðina. Skólinn fær afnot af íþróttasal og búningssklefum.

Samstarf við Sundlaugina á Laugum í Reykjadal

Sundkennslan fer fram í sundlauginni á Laugum í Reykjadal. Farnir eru 5 dagar að hausti og 5 að vori. Hvern dag fá nemendur 2 kennslustundir í sundi samtals 20 kennslustundir á ári.

Á skólaárinu munu tengsl innan skólasamfélagsins metin skv. matsáætlun (áætlun um innra mat á skólastarfi).

Samstarf gekk vel við íþróttafélagið, íþróttamiðstöðina og forstöðumann sundlaugarinnar á Laugum.

Samstarf heimilis og skóla

Hvað stendur í lögum og reglugerðum

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að lýðræðis og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.

Skólastefna sveitarfélagsins

Skólastefna Skútustaðahrepps leggur áherslu á öflugt samstarf skóla og foreldra/forráðamanna, að starfshættir og menning skólastarfs einkennist af jafnræði og samvinnu á öllum stigum, á milli starfsfólks, nemenda og foreldra/forráðamanna.

Starfsfólk, nemendur og foreldrar/forráðamenn skulu hafa bjartsýni að leiðarljósi í öllum störfum og samskiptum, til að byggja upp jákvætt viðhorf og virðingu sem endurspeglar skólasamfélagið okkar.

Samvinna milli skólastiga, starfsfólks og foreldra/forráðamanna er haft að leiðarljósi. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði, reglubundið samráð þar sem samvinna og samábyrgð eru grundvallarþættir í starfsháttum og velferð barna ávallt í forgrunni.

Reykjahlíðarskóli

Þegar gildi skólans, virðing, vellíðan og árangur, voru valin þá var það hugsunin að þau tvinnuðu hvert annað saman. Ef virðing er til staðar þá eykur það vellíðan sem verður til þess að árangurinn verður betri. Allt þetta á ekki bara við um starfsfólk skólans og nemendur hans, heldur nær þetta lengra, virðing við foreldra er mjög mikilvæg því þeir eru sérfræðingar í öllu sem viðkemur barninu þeirra. Það er líka mikilvægt að foreldrar beri virðingu fyrir starfsfólki skólans því öll erum við að stefna í sömu átt sem er að barninu/nemandanum líði vel í skólanum og nái árangri.

Mikilvægt er að samvinna heimilis og skóla sé góð, foreldrar/forráðamenn taki virkan þátt í skólastarfi barna sinna og fylgist vel með því sem þar fer fram. Jafnframt er mikilvægt að skólasamfélagið byggji upp og viðhaldi metnaðarfullu og góðu skólastarfi þar sem foreldrar/forráðamenn geta komið sínum skoðunum og hugmyndum um skólastarfið á framfæri. Formlegar leiðir geta verið skólaráð, foreldrafélagið, sæti í stýrihópum í skólanum og þátttaka foreldra/forráðamanna í mati á skólastarfinu.

Í skólanum eru þrjár megin stefnur sem skólinn vinnur eftir, Heilsueflandi grunnskóli, Grænfaninn og Jákvaður agi. Hver stefna hefur sinn stýrihóp og innan hans eiga foreldrar einn fulltrúa. Þessi fulltrúi er kosinn að hausti og situr í stýrihópnum eitt skólaár.

Góð samskipti og upplýsingar um skólastarfið

Skólinn leggur áherslu á að upplýsingar um heildarskipulag skólastarfsins séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Foreldrar koma að minnsta kosti þrisvar sinnum á skólaári til að hitta kennarana (samstarfsfundir).

Námskynning og upplýsingafundur um vetrarstarfið fyrir alla foreldra/forráðamenn er haldinn að hausti. Þar er rætt um skólastarfið og hlutverk þess og leitast við að finna sem flest tækifæri sem kunna að efla þátttöku foreldra í skólastarfinu

- samskipti fara fram með ýmsum hætti s.s. foreldrafundir, foreldraviðtöl, bekkjarfundir, símtöl, mentor, tölvusamskipti, heimasíða, mánaðarlegt fréttabréf, vikuáætlanir og heimanámsbækur. Umsjónarkennari eða foreldrar/forráðamenn geta óskað eftir fundum um málefni nemanda eða nemendahópa eftir þörfum
- skólinn er ætíð opinn foreldrum/forráðamönnum til að fylgjast með kennslu. Þeim ber að gæta trúnaðar um það sem þeir kunna að heyra eða sjá um nemendur eða skólasamfélagið.
- samstarf umsjónarkennara og foreldra/forráðamanna um nemendahópinn einkennist af jafnræði, gagnkvæmri virðingu og trausti
- fréttabréf er gefið út mánaðarlega þar sem fram koma upplýsingar um skólastarfið og matseðill fylgir með.

Samstarf um nám nemenda

Litið er á foreldra/forráðamenn sem samstarfsmenn um nám nemenda og þeim veitt tækifæri til að leggja sitt af mörkum í einstaklingsmiðuðu námi barna sinna. Auk námskynningarfunda á hausti er gert ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn komi a.m.k. tvisvar á hverju skólaári í formleg viðtöl með sínu barni (samstarfsfundir). Mikilvægar ákvarðanir sem varða líðan og nám hvers nemanda eru teknar í samstarfi við foreldra/forráðamenn og nemanda þegar það á við

- foreldrar/forráðamenn styðja börn sín við að setja sér markmið
- umsjónarkennarar veita foreldrum/forráðamönnum reglulega upplýsingar um námsstöðu og framfarir
- skólinn þarf að fá upplýsingar um breytingar sem verða hjá fjölskyldunni s.s. fjarvera foreldra/forráðamanna frá heimilinu til lengri eða skemmri tíma, skilnað foreldra, andlát í fjölskyldu og önnur áföll sem kunna að hafa áhrif á barnið, svo og veikindi og lyfjanotkun. Skólinn skal gefa upplýsingar um gengi barnsins; námslega, tilfinningalega og félagslega
- foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu (samstarfsfundir). Það fyrra er í byrjun október og hið síðara í janúar. Viðtölin eru að jafnaði 15 - 20 mínútur að lengd. Þau fjalla m.a. um:
 - námsmarkmið og mat nemenda á eigin vinnu, námi og framförum
 - uppbyggjandi leiðsögn til nemandans frá kennara og foreldrum, næstu skref og námstækifæri við hæfi
 - niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir og rætt hvernig námsmatið tengist markmiðum og hæfniviðmiðum
 - samskipti og líðan.

Verkferli ef ágreiningur kemur upp

Skólasamfélagið hvetur til þess að ágreiningur sé jafnan leystur í þeim tilfellum sem hann kemur upp og leitast er við að hann sé leystur á vettvangi. Í mannauðsstefnu Skútustaðahrepps er lögð áhersla á að ágreiningsmál innan sveitarfélagsins séu leyst á uppbyggilegan hátt.

Ávallt skal gæta þess að réttur barna og þeirra hagsmunir séu í forgrunni þegar upp koma ágreiningsmál í skólasamfélaginu og leiðarljósið er að vinna saman að farsælu námi barnanna. Ef upp kemur ágreiningur sem varðar nám eða hegðun barns er það skólastjórans að sjá til þess að haft sé samband við foreldra/forráðamenn og unnið sé að úrlausn í samvinnu við kennara, nemanda og foreldra/forráðamenn. Þegar ágreiningsmál eru komin á þetta stig bera skólastjóri og kennari ábyrgð á skráningu um meðferð málsins. Mikilvægt er að allir aðilar málsins fái tækifæri til að útskýra sína hlið og ákvarðanir teknar út frá sameiginlegri umræðu og allir séu upplýstir um hvernig ákvörðun er tekin. Ef ekki næst samkomulag á þessu stigi leitar skólastjóri aðstoðar sveitarstjóra eða í samráði við hann eftir ráðgjöf Skólaþjónustu Norðurþings

- sjá leiðbeiningar til skólastjóra og forsvarsmanna skólaskrifstofa ef ágreiningsmál koma upp: <https://www.samband.is/media/grunnskoli/Um-urlausn-erfidra-agreiningsmala.pdf>

Þátttaka foreldra/forráðamanna í innra mati á skólastarfinu

- mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn séu virkir við mat á skólastarfi t.d. með rafrænum könnunum eða rýnihópum
- foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa sína í skólaráði
- kynning á niðurstöðum kannana verður send til foreldra/forráðamanna í tölvupósti
- fundur verður haldinn með foreldrum/forráðamönnum til að kynna niðurstöður.

Niðurstöður sem komu fram eftir fund með foreldrum 9. febrúar <http://skutustadahreppur.is/skolinn/20803>

Margvísleg gögn er að finna á <https://www.heimiliogskoli.is/>

Handbók foreldrafélaga grunnskóla:

http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2016/08/HS_Handb%C3%B3k_grunnsk%C3%B3la-sept-15-1.pdf

Handbók um skólaráð - fyrir skólaráð:

<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

Foreldrasáttmáli: <https://www.heimiliogskoli.is/utgefid-efni/foreldrasattmali/>

Foreldrabankinn: <https://www.heimiliogskoli.is/utgefid-efni/foreldrabankinn/>

Síðareglur fyrir foreldrahópa á Facebook:

<https://www.heimiliogskoli.is/sidareglur-fyrir-foreldrahopa-a-facebook/>

Læsi: <https://www.heimiliogskoli.is/laesi/>

Myndbönd:

Hvað er foreldrafélag: <https://www.heimiliogskoli.is/hvad-er-foreldrafelag/>

Hvað er skólaráð? <https://www.heimiliogskoli.is/fraedsla/hvad-er-skolarad/>

Hvað er nemendafélag? <https://www.heimiliogskoli.is/utgefid-efni/myndbond/>

Virgni foreldra skiptir máli: <https://www.heimiliogskoli.is/utgefid-efni/myndbond/>

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Lög félagsins má finna [hér](#).

Stjórn foreldrafélags 2021-2022

Linda B. Árnadóttir

Marcin Kozaczek

Valerija Kiskurno

Anna Bragadóttir

Vantar einn (formaður?)

Bekkjarfulltrúar

1. bekkur Sýlvía og Rúnar
2. bekkur Þórhalla og Héðinn
3. bekkur Anna og Arnar
4. bekkur Soffía og Arnar
5. bekkur Hjördís og Hallgrímur
6. bekkur Berna og Marcin
7. bekkur Ingibjörg og Siggí
8. bekkur Enginn nemandi í bekknum
9. bekkur Júlía og Helgi
10. bekkur Lilja Ösp

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta.

Viðtalstímar kennara

Kennarar hafa ekki fasta viðtalstíma heldur geta foreldrar/forráðamenn hringt á skólatíma og beðið um viðtal eða sent viðkomandi kennara tölvupóst.

Fjáröflun nemenda er unnin af nemendum og foreldrum í 8.-10. bekk til að fjármagna skólaferðalag sem nemendur 9. og 10. bekkjar fara í á hverju vori.

Umsjónarkennari

Innan skólans á umsjónarkennari öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem hann hefur umsjón með. Hann leiðbeinir nemendum í námi og fylgist með andlegri og líkamlegri velferð þeirra, skólasókn, hegðun og ástundun og hefur samband við heimili ef ástæða þykir til. Foreldrar/forráðamenn hafa samband við umsjónarkennara þegar ræða þarf eitthvað sem varðar nemendur og ef breytingar verða á högum barns

Samkvæmt úrbótaáætlun 2020 mun skólinn ljúka gerð samskiptaáætlunar skóla og foreldra haustið 2020 í þeim tilgangi að stuðla enn frekar að góðum samskiptum sem styðja við nám nemenda.

Á skólaárinu er unnið að nýrri stefnu/áætlun um samstarf heimilis og skóla skv. umbótaáætlun. Áætlað er að foreldrar komi að þeirri vinnu með starfsfólki skóla á haustönn.

Heimanám

Á unglíngastigi (7.-10. bekk) er ekki fast heimanám heldur þurfa nemendur að fylgja þeim áætlunum sem settar eru fram af kennurum. Í flestum tilfellum eiga nemendur að geta lokið allri vinnu í skólanum en ef ekki þurfa þeir að vinna heima til að ná áætluninni. Ef til heimanáms kemur skrifa nemendur það í rafrænu dagbókina sína (google calander). Heimanám er ekki notað til að jafna stöðu nemenda í námsbókum eða í umbunar og/eða hegningarskyni.

Á miðstigi (4.-6. bekk) er ekki fast heimanám heldur þurfa nemendur að fylgja þeim áætlunum sem settar eru fram af kennurum. Þó eiga nemendur að lesa heima á hverjum virkum degi. Í flestum tilfellum eiga nemendur að geta lokið allri vinnu í skólanum en ef ekki þurfa þeir að vinna heima til að ná áætluninni. Ef til heimanáms kemur sendir umsjónarkennari foreldrum tölvupóst um það. Heimanám er ekki notað til að jafna stöðu nemenda í námsbókum eða í umbunar og/eða hegningarskyni.

Á yngsta stigi er heimanám skrifað í heimanámsbækur en aðal áherslan er á lestur.

Heimanám er einn af mikilvægum þáttum í samstarfi heimila og skóla sem verður tilhögun þess metin á á skólaárinu 2020 - 2021.

Móttökuáætlun

Móttökuáætlun nýrra nemenda má finna [hér](#).

Samstarf við foreldra gekk í heildina vel. Opinn skólaráðsfundur var haldinn auk þess sem könnun um nám og kennslu var lögð fyrir alla foreldra. Samstarf hefði mátt vera meira og á breiðari vettvangi og þarf að gera áætlun um það.

Ráð og nefndir

Skólaráð

Við Reykjahlíðarskóla starfar skólaráð. Skólaráð er mikilvægur vettvangur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Í því er skólastjóri og stýrir hann fundum, auk hans eru tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Þátttaka nemenda í skólaráði byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kosið er í skólaráð í 8.-10. bekk. Kosið er til tveggja ára í senn þannig að einn nýr fulltrúi kemur á hverju haust.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Skólaráð fær skólanámskrána og ýmsar áætlanir um starf skólans til umsagnar en fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Starfsreglur, starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, [hér](#).

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir.

Starfshættir og tengsl skólans við skólaráð munu verða metnir á skólaárinu skv. matsáætlun.

Stjórn skólaráðs veturinn 2021-2022

Fulltrúar foreldra: Alma Benediktsdóttir og Anna Bragadóttir

Fulltrúi nærsamfélagsins: Linda Björk Árnadóttir

Fulltrúar kennara: Auður Jónsd., Sigríður Sigmundsd.

Fulltrúi annarra starfsmanna: Brynja Ingólfssdóttir

Fulltrúar nemenda: Christine og Halldór Björke

Skólastjóri: Hjördís Albertsdóttir

Funda- og starfsáætlun skólaráðs Reykjahliðarskóla 2021-2022

Dags.	Dagskrá:
Sept.29	<ul style="list-style-type: none"> - Fundaskipulag skólaráðs - Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021 og umbótaáætlun skólaársins - Skipulag og áherslur skólaársins - Starfsáætlun 2021-2022 - Önnur mál.
24. nóv. OPINN FUNDUR	<ul style="list-style-type: none"> - Starfsáætlun skólans - Ársáætlun innra mats - Nemendalýðræði - Öryggi og aðbúnaður - Samstarf og samvinna leik- og grunnskólastigs
12. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - Innra mat á skólastarfi- kynning á niðurstöðum spurningakannana og umræða um úrbætur - rýnihópar með foreldrum. - Heimasíðan sem miðlun upplýsinga til foreldra - Skólareglur í vinnslu - Önnur mál.
19. mars	<ul style="list-style-type: none"> - Staða þróunarverkefna - Innra mat á skólastarfi - Skólareglur bornar undir skólaráð - Endurskoðun á stefnu skólans - Skóladagatal 2022-2023 - Önnur mál.
19.mái	<ul style="list-style-type: none"> - Innra mat á skólastarfi - Niðurstöður starfsmannasamtala. - Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana. - Undirbúningur fyrir næsta skólaár. - Önnur mál.

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir.

Fundadagskrá gekk ekki eftir og ekki voru skólaráðsfundir haldnir eftir áramótin

Skólanefnd

Í Skútustaðahreppi starfar ein skólanefnd fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Í 6. gr. í lögum um grunnskóla, segir að:

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem eiga rétt á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útvistar- og leiksvæði nemenda
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd er kosin af sveitarstjórn. Fulltrúi foreldra, kennara og skólastjóra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara er Auður Jónsdóttir. Á

heimasíðu Skútustaðahrepps er [erindisbréf nefndarinnar](#) og einnig er hægt að nálgast fundargerðir hennar [hér](#).

Skólanefnd

Alma Dröfn Benediktsdóttir, formaður

Arnar Halldórsson

Helgi Arnar Alfreðsson

Sylvía Ósk Sigurðardóttir

Þuríður Pétursdóttir

Útikennslusvæði verður klárað í sumar, 2022

Nemendafélag Reykjahlíðarskóla veturinn 2021-2022

Við Reykjahlíðarskóla er starfandi nemendafélag sem skólastjóri er ábyrgur fyrir. Nemendaráð er kosið að hverju hausti og samanstendur af sex nemendum í 6.-10.bekk. Hver bekkur hefur einn fulltrúa og einn varafulltrúa nema það eru tveir fulltrúar úr 10. bekk og er annar þeirra formaður nemendafélagsins. Einnig er starfrækt sjoppuráð sem í sitja tveir nemendur. Sjoppustjóri er nemandi í 10. bekk og með honum er nemandi úr 9. bekk sem að ári verður sjoppustjóri. Einn kennari, Arnheiður Rán Almarsdóttir, hefur yfirumsjón með nemendafélaginu og félagsstarfinu.

Starfsreglur Nemendafélags Reykjahlíðarskóla má finna [hér](#).

Nemendaráð 2021-2022

10. bekkur Christine og Oktavía

9. bekkur Sara Margrét

7. bekkur Þórdís

6. bekkur Maríon

Sjoppuráð

Júlía og Oktavía

Félagsstarf gekk vel og fengu 9. og 10. bekkingar tækifæri til að taka þátt á Samfés. Ráðgert er að ráða félagsmálafulltrúa fyrir skólana fyrir næsta vetur sem tekur að sér félagsstarf.

Nefndir

Í skólanum starfa nefndir sem stýra viðfangsefnum sem snúa að stefnumiðuðum verkefnum sem skólinn tekur þátt í. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stefnumiðuð verkefni og þar eru að finna fundargerðir og ársskýrslur fyrir hvert og eitt þeirra.

Það er hluti af umbótum skólaársins að vinna að skýrum áætlunum um verkefni og þróunarstörf sem tilheyra stefnu skólans sem og að gæta þess að skólasamfélagið sé upplýst um framgang og þessa verkefna.

Jákvæður agi

Hlutverk nefndar

- Það er hlutverk nefndarinnar að stýra verklagi við framkvæmd Jákvæðs aga í Reykjahlíðarskóla, með hvatningu og koma með hugmyndir eða lausnir.
- Kynna, rifja upp og standa fyrir æfingum starfsmanna á verkfærum Jákvæðs aga á starfsmannafundum.
- Að vera í samstarfi við hagsmunaaðila skólastarfsins og vinna að góðu og virku samstarfi allra.
- Koma með hugmyndir að því hvaða matstæki megi nýta til að meta framkvæmd uppeldisstefnunnar í skólanum

Skipan nefndar

- Nefndin er kosin að hausti og sitja fulltrúar í eitt ár, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annars starfsfólks og fulltrúi foreldra.

- Í nefndinni sitja:
 - Sigríður G. Sigmundsdóttir - kennari
 - Ólöf Þ. Gunnarsdóttir - kennari
 - Ingunn Guðbjörnsdóttir - annað starfsfólk
 - Eydís Elva Eymundsdóttir - foreldri
- Nefndin vinnur með lýðræðislegum hætti og leitast við að taka ákvarðanir út frá virku samráði við hagsmunaaðila.

Markmið

- Að allir þeir sem að skólastarfinu koma séu samstíga í því að nýta hugmyndafræði og verkfæri uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga, að samhljómur sé um uppeldisstefnuna
- Að uppeldisstefnunni Jákvæðum aga sé haldið á lofti með markvissum hætti í skólasamfélaginu
- Góð og jákvæð samskipti milli allra í skólanum
- Jákvæð samskipti milli heimilis og skóla
- Virðing fyrir sér og öðrum.

Aðgerðir

- Bekkjarfundir
- Ræða og æfa jákvæð samskipti
- Gera verkefni sem allir vinna saman
- Taka fyrir ákveðin verkefni

Tímarammi viðfangsefna sem tekin eru fyrir í skólanum

- Samskiptafærni/sjálfstjórn/hrós og hvatning í september - desember
- Mistök og hvernig við leiðréttum í janúar og febrúar
- Leitað lausna í mars og apríl
- Lokaskýrsla í maí

Upplýsingar um starf nefndar

- Á heimasíðu eru upplýsingar um starfandi nefndir og hlutverk þeirra
- Nöfn nefndarfólks
- Fundargerðir færðar inn jafnóðum og birtar á heimasíðu

- Skýrsla í lok skólaárs

Mat á starfi nefndar yfir skólaárið

- Í lok hvers verkefnis verður tekið saman hvernig gekk og sett í fundargerð.
- Skýrsla um starf nefndar unnin í lok skólaárs og sett á heimasíðu

Áætlun um vinnu nefndar skólaárið 2021 - 2022

Hér fyrir neðan eru dagsetningar formlegra funda og þess á milli verða vinnufundir

30. september

21. október

18. nóvember

20. janúar

17. febrúar

24. mars

28. apríl - lokaskýrsla

Grænfáninn

Hlutverk

- Skipuleggja og stýra grænfánaverkefnum í Reykjahlíðarskóla
- Stýra mati á stöðu umhverfismála í skólanum og tryggja þátttöku sem flestra í matinu
- Hvetja til umræðu um umhverfismál í skólasamfélaginu.
- Gera tillögur að þemum sem vinna skal að á skólaárinu.
- Hvetja til þess að fréttir af starfi skólans að umhverfismálum birtist reglulega á heimasíðu skólans og í fréttabréfinu.

Skipan nefndar

- Í þessum stýrihópi sitja tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annars starfsfólks, fulltrúi foreldra og einn fulltrúi nemanda úr hverjum námshópi. Allir fulltrúar eru kosnir til eins árs. Í nefndinni sitja:

Arnheiður Rán Almarsdóttir - kennari

Auður Jónsdóttir - kennari

Hulda María Þorláksdóttir - stuðningsfulltrúi

Jóhanna Jóhannesdóttir - kennari

Soffía K. Björnsdóttir- foreldri

Valerija Kiskurno - foreldri

Fyrir 1. - 3. bekk - Eldey og Heiðrún

Fyrir 4. - 6. bekk - Amelia og Heimir

Fyrir 7. - 10. bekk - Júlía, Sara og Þórarinn

- Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir mun svo bera ábyrgð á nefndinni og vera verkefnastjóri. Hún mun sjá um að kalla nefndina saman og vinna fyrir hana, en er í raun ekki sú sem tekur ákvarðanir. Nefndin vinnur með lýðræðislegum hætti og leitast við að taka ákvarðanir út frá virku samráði við hagsmunaaðila.

Markmið

- Sækja um úttekt í vor
- Fara í gegnum skrefin 7

1. [Umhverfisnefnd](#)

2. [Mat á stöðu umhverfismála](#)

3. [Áætlun um aðgerðir og markmið](#)

4. [Eftirlit og endurmat](#)

5. [Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá](#)

6. [Að upplýsa og fá aðra með](#)

7. [Umhverfissáttmáli](#)

- Þemu vetrarins
 - Vatn
 - Orka

Aðgerðir í skólanum

- Flokkun
- Minnka matarsóun
- Nota minni pappír
- Nota minna vatn
- Grænfánadagur 2x á skólaárinu þar sem unnið er ákveðið verkefni

Tímarammi

- Fyrir jól verður farið í gegnum skrefin 7
- Grænfánadagar 17. nóvember og 18. mars
- Eftir jól verða tekin fyrir tvö þemu
 - Vatn í janúar og febrúar
 - Orka í mars og apríl

Upplýsingar um starf nefndar

- Skýrslur, fundargerðir og fleiri upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu skólans, [hér](#).
- Setjum fréttir á heimasíðu og í fréttabréf skólans.

Mat á grænfánaverkefni yfir skólaárið

- Meta hvernig starf nefndarinnar hefur skilað árangri í skólasamfélaginu
- Hvaða aðgerðir komu til framkvæmda, hver er staðan
- Mat á stöðu umhverfismála í skólanum
- Skýrsla um starf stýrihópsins unnin í lok skólaárs og sett á heimasíðu

Áætlun um vinnu nefndar/ráðs/stýrihóps skólaárið 2020 - 2021
Foreldri og nemendur verða með á gullituðu fundunum

Dagsetning	Dagskrá:
17. september	Fara yfir verklagsreglurnar og velja þemu vetrarins
24. september	Klára að fara yfir verklagsreglurnar og fundardagskrána
1. október	Enginn fundur/ foreldraviðtöl
8. október	Fara yfir verklagsreglurnar og fara í heimsókn í eldhús, byrja á skrefunum. Gátlisti
15. október	Enginn fundur/ vetrarfrí
22. október	Vinna við skrefin/Gátlista
29. október	Vinna við skrefin/Gátlista
5. nóvember	Undirbúningur fyrir grænfánadag
12. nóvember	Undirbúningur fyrir grænfánadag, umhverfissáttmáli, markmið grænfána
19. nóvember	Samantekt eftir grænfánadag
26. nóvember	Klára að fara yfir skrefin
3. desember	Samantekt af starfi sept. -des og fara fyrir hvað við þurfum að gera til að uppfylla þessi 7 skref.
10. desember	Enginn fundur/ annar lok
17. desember	Enginn fundur / annar lok
7. janúar	Enginn fundur / annar byrjun
14. janúar	Kynna sér þemað um vatnið
21. janúar	Kynna sér þemað um orkuna
28. janúar	Kynnna þemun fyrir öllum og koma með hugmyndir hvernig við getum unnið með þau og komið þeim til skila.
4. febrúar	Setja af stað verkefni eða fræðslu um vatnið
11. febrúar	Athuga hvernig staðan er
18. febrúar	koma með annað verkefni eða fræðslu tengda vatninu
25. febrúar	Athuga hvernig staðan er

4. mars	Undirbúningur fyrir grænfánadag/ Vinna sem tengist þemunum
11. mars	Undirbúningur fyrir grænfánadag og sækja um úttekt. Fara yfir hvað við þurfum að gera fyrir umsóknina.
18. mars	Grænfánadagur
25. mars	Samantekt eftir grænfánadag
8. apríl	Enginn fundur /fyrsta vika eftir páska
15. apríl	Setja af stað með verkefni eða fræðslu um orku
22. apríl	Athuga hvernig staðan er
29. apríl	koma með annað verkefni eða fræðslu fyrir orku.
6. maí	Skýrslugerð
13. maí	Skýrslugerð
20. maí	Skýrslugerð

Heilsueflandi grunnskóli

Reykjahlíðarskóli er heilsueflandi grunnskóli og vinnur samkvæmt [heilsustefnu](#) sem er sameiginleg yfirlýsing starfsmanna, nemenda og foreldra við skólann. Heilsustefnan miðar að því að skapa daglegar venjur og starf sem bæta heilsu og líðan allra þeirra sem starfa og nema við skólann. Við skólann starfar nefnd sem er stýrihópur fyrir heilsueflandi grunnskóla í Reykjahlíðarskóla.

Hlutverk nefndar

- Meginhlutverk stýrihóps heilsueflandi grunnskóla í Reykjahlíðarskóla er að bera ábyrgð á heilsustefnu skólans hverju sinni og uppfæra eftir þörfum
- Vinna verkáætlun fyrir starf skólaársins í samræmi við gátlista og viðmið um Heilsueflandi grunnskóla
- Hvetja til þess að málefni heilsueflandi skóla séu tekin reglulega upp á starfsmannafundum og minnt sé á þátttöku skólans í heilsueflandi verkefnum t.d. Göngum í skólann, skólahlaupi o.fl.
- Skipuleggja og tryggja þátttöku sem flestra í mati á heilsueflandi verkefnum
- Vinna mat á framvindu skólaársins í verkefnum

Skipan nefndar

- Í þessum stýrihóp sitja tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annars starfsfólks, fulltrúi foreldra og tveir fulltrúar úr elsta námshópnum. Aðrir fulltrúar eru kosnir til eins árs nema fulltrúar nemenda sem eru kosnir til tveggja ára.
- Í nefndinni sitja:
 - Arnheiður Rán Almarsdóttir - kennari
 - Auður Jónsdóttir - kennari
 - Hulda María Þorláksdóttir - stuðningsfulltrúi
 - Jóhanna Jóhannesdóttir - kennari
 - Soffía K. Björnsdóttir- foreldri
 - Valerija Kiskurno - foreldri
 - Fyrir 1. - 3. bekk - Eldey og Heiðrún
 - Fyrir 4. - 6. bekk - Amelía og Heimir
 - Fyrir 7. - 10. bekk - Júlía, Sara og Þórarinn
- Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir mun svo bera ábyrgð á nefndinni og vera verkefnastjóri. Hún mun sjá um að kalla nefndina saman og vinna fyrir hana, en er í raun ekki sú sem tekur ákvarðanir. Nefndin vinnur með lýðræðislegum hætti og leitast við að taka ákvarðanir út frá virku samráði við hagsmunaaðila.

Markmið

Við erum með 5 meginmarkmið úr heilsustefnu skólans.

- Reykjahlíðarskóli hvetur til aukinnar hreyfingar meðal starfsmanna og nemenda skólans og stuðlar að aukinni meðvitund um gildi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega heilsu.
- Skólastarf Reykjahlíðarskóla tekur mið af því að hlúð sé að andlegri heilsu nemenda og starfsmanna skólans og að allir leggi sitt af mörkum til að efla góðan starfsanda í skólanum.
- Í Reykjahlíðarskóla er stuðlað að aukinni neyslu á hollum mat og auknum skilningi á mikilvægi þess að nemendur og starfsmenn tileinki sér hollar matarvenjur.

- Í Reykjahlíðarskóla er forvarnarfræðsla skipulögð út frá þörfum og áhættuþáttum hverju sinni.
- Stjórnendur og starfsmenn Reykjahlíðarskóla tryggja öryggi í skólahúsnæðinu og að öryggisáætlunum skólans sé framfylgt.

Áherslur

Áherslan þetta skólaárið er Lífsleikni

Tímarammi

- Göngum í skólann - september
- Ólympíuhlaupið –september.
- Forvarnardagurinn - október
- Núvitund í tengslum við samfélagið í samþættingu náms - október
- Matarsóun - október
- Könnun um svefn og skjánotkun - nóvember og aftur í mars
- Lífshlaupið - febrúar
- Hjólum í skólann - maí

Upplýsingar um starf nefndar/ráðs/stýrihóps

- Skýrslur, fundargerðir, heilsustefnu og fleiri upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu skólans, [hér](#).
- Setjum fréttir á heimasíðu og í fréttabréf skólans.

Mat á starfi heilsueflandi skólastarfs yfir skólaárið

- meta árangur af vinnu skólans að heilsueflandi starfi – hvaða aðgerðir komu til framkvæmda, hver er staða þeirra
- skýrsla um starf stýrihópsins í lok skólaársins

Áætlun um vinnu nefndar/ráðs/stýrihóps skólaárið 2020-2021

Foreldrar og nemendur verða með á gullituðu fundunum

Dagsetning	Dagskrá:
15. september	Farið yfir verklagsreglur og fundardagskrá skólaársins
22. september	Klárað að fara yfir verklagsreglur og fundardagskrá

29. september	Enginn fundur / Foreldraviðtalsvika
6. október.	Verklagsreglurnar og fundardagskrá kynnt fyrir nemanda og foreldri og þau beðin um að segja álit sitt. Byrja að fara yfir fyrsta listann í þemanu (áfengi og önnur vímuefni).
13. október	Undirbúningur fyrir Núvitundina/ Fá Dagbjörtu í þessari viku með Núvitund Vinna með niðurstöðurnar úr listanum um áfengið og önnur vímuefni
20. október	Fara yfir listann um netnotkun. Undirbúa matarsóunarverkefnið
27. október	Vinna með niðurstöðurnar úr listanum um netnotkun. / Vigtun á matarsóun í þessari viku
3. nóvember	Fara yfir listann um svefn
10. nóvember	Vinna með niðurstöðurnar úr listanum um svefn. Skipuleggja svefnrannsókn
17. nóvember	Framkvæma rannsókn um svefn og skjátíma
24. nóvember	Fara yfir rannsóknina og vinna að niðurstöðu
1. desember	klára niðurstöðurnar og kynna svo niðurstöðuna.
8. desember	Enginn fundur/ annarlök
15. desember	Enginn fundur/ annarlök
5. janúar	Enginn fundur/ annarbyrjun
12. janúar	Fara yfir listann um útlitsviðmið
19. janúar	Vinna með niðurstöðurnar úr listanum um útlitsviðmið
26. janúar	Undirbúa Lífshlaupið og fara yfir síðasta listann um kynheilbrigði
2. febrúar	Vinna með niðurstöðurnar úr listanum um kynheilbrigði/Lífshlaupið byrjar
9. febrúar	Hvetja fólk til dáða í lífshlaupinu
16. febrúar	Meta stöðuna... hvað þurfum við að gera til að uppfylla þemað
23. febrúar	Reyna að klára það sem við þurfum til að klára að uppfylla þemað
2. mars	Reyna að klára það sem við þurfum til að klára að uppfylla þemað
9. mars	Undirbúa endurtekninguna á Svefnrannsókn og skjátíma, hugsanlega þarf að hafa aðeins öðruvísi spurningar en í fyrra skiptið.
16. mars	Framkvæma rannsókn á svefntíma og skjátíma.
23. mars	Fara yfir könnunina og draga saman niðurstöður

6. apríl	Enginn fundur/ koma aftur eftir páskafrí
13. apríl	Klára niðurstöður rannsóknarinnar og kynna niðurstöðurnar
20. apríl	Um leið og færi leyfir tókum við þátt í Hjólum í skólann
27. apríl	Hvetja alla áfram í hjólum í skólann
4. maí	Skýrslugerð
11. maí	Skýrslugerð
18. maí	Skýrslugerð

Tvær nefndir voru starfræktar, Jákvæður Agi og sameinuð nefnd Grænfána- og heilsueflandi skóla. Einnig var matsteymi innan skólans. Allar nefndir skiluðu skýrslu nú á vordögum.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð sér um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Frekari upplýsingar um nemendaverndarráð er að finna í skólanámskrá skólans, [hér](#).

Nemendaverndarráð

Hjördís Albertsdóttir, Skólastjóri

Ingibjörg Stefánsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, sálfræðingur skólaþjónustu

Auður Jónsdóttir, fulltrúi kennara.

Fundir verða þá daga þegar skólaþjónustan er í skólanum u.þ.b. einu sinni í mánuði og erindi hafa borist til ráðsins. Þegar erindi berast er þess gætt að foreldrar hafi vitneskju um ef til stendur að ræða um barn þeirra á fundum. Á haustönn dagana, 8. september, 6. október, 3. nóvember og 1. desember. Það geta allir vísað erindum til nemendaverndarráðs. [Tilvísun til nemendaverndarráðs.](#)

Nemendaverndarráð var virkjað, eftir svolítið hlé, nú á vorönninni vegna mála sem upp komu.

Jafnréttissráð

Cornelia Þorsteinsson

Ingibjörg Stefánsdóttir

Sólveig Jónsdóttir

[Jafnréttisáætlun skólans](#)

Jafnréttissráð mun endurskoða jafnréttisáætlun skólans á skólaárinu 2021-2022.

Áfallateymi

Dagbjört Bjarnadóttir

Ingunn Guðbjörnsdóttir

Sigríður G. Sigmundsdóttir

Sólveig Jónsdóttir

Örnólfur Jóhannes Ólafsson

[Áfallaáætlun skólans](#)

Áfallateymi mun endurskoða áfallaáætlun skólans á skólaárinu 2021-2022.

Ráð gegn einelti

Brynja Ingólfsdóttir

Cornelía Þorsteinsson

Hjördís Albertsdóttir

Áætlun gegn einelti [skólans](#)

Á heimasíðu skólans er [eyðublað](#) til að tilkynna grun um einelti.

Skólareglur

Skólareglur Reykjahlíðarskóla eru settar í samræmi við lög og reglugerð um aga í grunnskólum. Skólareglur eru endurskoðaðar reglulega.

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum og forráðamönnum skólareglurnar og viðurlög við þeim.

Í lögunum segir: “Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt, ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans.“

Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir m.a.: „Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.“

Skólareglur

Til að öllum geti liðið vel í skólanum þurfum við að fylgja skólareglum Reykjahlíðarskóla.

Almenn umgengni

- Við temjum okkur góða hegðun.
- Við förum eftir fyrirmælum.
- Við göngum vel um skólann og skólalóðina.
- Við göngum frá eftir okkur.
- Við geymum útifatnað í fatahengi.
- Við sleppum að vera með húfur/hettur í matsal.
- Við erum í snyrtilegum og hreinum fötum.
- Upplýsingaöflun, mynd og hljóðupptökur fara eingöngu fram með leyfi starfsfólks.
- Við óskum eftir samþykki foreldra fyrir myndbirtingu.

Námið

- Við berum ábyrgð á eigin námi.
- Við mætum stundvíslega í kennslustundir.
- Við sinnum náminu með jákvæðum huga og nýtum tímann vel til náms.
- Við virðum vinnufrið í kennslustundum.
- Við sinnum heimanámi, skilum tímanlega – virðum skilafrest.

Samskipti

- Við erum góðar fyrirmyndir.
- Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.
- Við sýnum virðingu, kurteisi og tillitsemi – og tilkynnum einelti.
- Við notum inniröddina alls staðar í skólanum.

Hollusta og heilbrigði

- Við komum vel hvíld í skólann.
- Við sleppum sælgæti, gosdrykkjum og tyggjöi nema í félagsstörfum unglíngadeildar.
- Við sleppum alltaf orkudrykkjum.
- Við drögum úr matarsóun með því að skammta okkur hóflega.
- Við erum umhverfisvæn og flokkum samvískusamlega.

Ábyrgð

- Við berum ábyrgð á eigin framkomu og hegðun.
- Hver og einn ber ábyrgð á persónulegum verðmætum sem hann kemur með í skólann.
- Við förum vel með eigur skólans og annarra.
- Við fáum leyfi ef við þurfum að yfirgefa skólalóðina.

Réttindi og skyldur

- Við fylgjum skólareglum.
- Við förum eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu sem skólann varðar.
- Við bætum tjón sem við höfum valdið á eigum skólans.
- Við neytum ekki vímuefna.

Reglur um notkun snjallsíma

- Við slökkvum á símunum okkar og geymum þá alltaf í skólatöskunni nema kennari leyfi notkun þeirra.
- Sömu reglur gilda um símaúr.

Skólalóð

- Við sleppum að nota reiðhjól, hlaupahjól, hjólabretti, skauta og vélknúin ökutæki á skólalóðinni á starfstíma skóla.

Setja þarf skýrar reglur við notkun síma og hvernig bregðast á við broti (ath. mjög einfaldar og skýrar reglur t.d. Norðlingaskóla)

Viðurlög

1. Kennari leitar orsaka vandans með viðtali við nemandann, hvetur hann til að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
2. Kennari hefur samskipti við forráðamenn og hvetur þá til að aðstoða nemandann.

3. Kennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans. Kennari upplýsir foreldra um stöðuna.
4. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og orsaka vandans leitað með viðtölum við nemandann og foreldra hans.
5. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis. Ávallt skal upplýsa foreldra ef um mál barna þeirra er fjallað í nemendaverndarráði.

Sérstaklega skal skoða:

1. þroska nemandans, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa
2. aðstæður í nemenda- og félagahópnum (umsjónarkennari, félagsmiðstöð, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur)
3. samskipti kennara og nemenda og samskipti heimila og skóla.
6. Ef málið leysist ekki er óskað eftir aðstoð Skólaþjónustu Norðurbings, eða málið tilkynnt til barnaverndar eftir atvikum. Teymi er stofnað um málefni nemandans ef á þarf að halda. Fulltrúi skólans leiðir teymið.
7. Teymi vinnur í málinu, eftir atvikum, með aðkomu skólaþjónustu og Keldunni. Fulltrúi skólans leiðir teymið nema annað sé ákveðið.

Möguleg inngríp, þegar almenn úrræði skólans hafa ekki dugað, er að:

- taka nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags undir eftirliti starfólks skólans
- vísa nemanda úr kennslustund í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfólks skólans
- óska eftir að foreldrar sækji viðkomandi nemanda
- vísa nemanda um stundarsakir úr skóla að hámarki eina kennsluviku á meðan leitað er lausnar. Foreldrar geta komið fram athugasemdum og andmælum skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 93/1993
- vísa nemanda ótímabundið úr skóla ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni
- Leita skal allra leiða áður en þessi leið er farin.
- Skólastjóri tilkynnir skólanefnd ákvörðunina sem tryggir nemanda annað skólaúrræði innan þriggja vikna.

Viðverða sérfræðinga

Skólinn nýtur sérfræðiþjónustu frá Félags- skólaþjónustu Norðurbings. Markmið þjónustunnar er að veita markvissa og heildtæka þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar skólaþjónustunnar veita margháttaða

ráðgjöf og þjónustu við skólann. Í ráðgjöf og þjónustu felast sálfræðilegar athuganir og ráðgjöf, ráðgjöf vegna sérkennslu, kennslu- og leikskólaráðgjöf, unglínga- og félagsráðgjöf. Sérfræðingar koma u.þ.b. einu sinni í mánuði. Á haustönn dagana, 2. september, 6. október, 3. nóvember og 1. desember.

Ráðgjöf, hvort sem um er að ræða ráðgjöf vegna einstaklingsmála eða samstarfsverkefni á sviði skólaþróunar, er veitt samkvæmt tilvísunum eða beiðnum. Skólaþjónustan leggur skimanir fyrir nemendur, vinnur úr þeim og leiðbeinir kennurum og foreldrum með það sem betur má fara.

Skimanir sem gerðar eru með reglubundnum hætti

1. bekkur. Teikniþróf Tove Krogh í október. Lesferill í maí.
2. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
3. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Lesskimun Logos í janúar
4. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
5. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Logos lestrarskimun í janúar
6. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Skimun á kvíðaeinkennum
7. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Greinandi lestrar- og ritmálsþróf fyrir 14 ára (GRP14) lagt fyrir í mars/apríl.
8. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
9. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.

Skimanaáætlun stóðst að mestu. Ekki var gerð kvíðaraskanaskimun í 7. bekk.

Keldan

Keldan er nýtt úrræði hjá Félags- og skólaþjónustunni. Markmið með Keldunni er að sameina krafta alls þess fagfólks sem kemur að málefnum fjölskyldna hvort sem er á skólastofnunum eða heima fyrir til að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur þegar þessar gerist þörf. [Bæklingur um Kelduna.](#)

Keldan var óstarfhæf um tíma vegna veikinda starfsfólks og ekki hefur verið tekið nægilega vel á þeim málum sem vísað hefur verið í Kelduna.

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er Ingibjörg Stefánsdóttir.

Hjúkrunarfræðingur verður í Reykjahlíðarskóla annan hvern þriðjudag í vetur. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans, [hér](#).

Samstarf við skólahjúkrunarfræðing hefur verið mjög gott..

Innra mat á skólastarfi

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Reykjahlíðarskóla þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Leitast er við að greina styrkleika í starfi skólans, hvaða þætti þurfi að bæta og hvað þurfi að gera til að skólinn verði enn betri.

Innra mats teymi skólans skipa: Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Sigríður Sigmundsdóttir og Hjördís Albertsdóttir. Teymið vinnur í nánu samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins. Ráðgjafar Ásgarðs munu sjá um að styðja starfsfólk skólans við að koma á nýjum starfsháttum við mat á skólastarfinu og tileinka sér nýja starfshætti, setja viðmið og meta hvern þátt fyrir sig.

[Langtímaáætlun](#) til fimm ára hefur verið unnin. Á skólaárinu 2020-2021 er gert ítarlegt mat á matsþættinum Stjórnun og fagleg forysta. Starfsáætlun matsnefndar er að finna [hér](#).

Gögn úr skólastarfinu sem nýtt eru við innra mat:

- Spurninga og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar, starfsfólk
- Niðurstöður úr starfsmannasamtölum sem ekki flokkast sem trúnaðargögn

- Framfarir nemenda (t.d. Lesferill, samræmd próf)
- Starfsáætlun
- Fundargerðir
- Skýrslur um stefnumiðuð verkefni sem skólinn tekur þátt í
- Rýnihópar
- Gátlistar vegna Heilsueflandi skóla og Grænfánans
- Mat á Jákvæðum aga
- Endurskoðanir á ýmsum áætlunum

Spurningalistar sem lagðir eru fyrir foreldra, kennara og nemendur hefur Reykjahlíðarskóli þróað á nokkrum árum. Með þeim er leitað eftir viðhorfum og skoðunum á starfsemi skólans sem og könnuð líðan og starfsánægja. Áður en spurningalistar eru lagðir fyrir er þess að gætt að leitað sé eftir þeim svörum sem áætlun matsnefndar vísar til. Þegar úrvinnsla listanna liggur fyrir eru niðurstöður kynntar hlutaðeigandi. Niðurstöður eru kynntar í skólaráði og á starfsmannafundi og að þeirri kynningu lokinni er gerð samantekt sem kynnt er á vef skólans. Allar kannanirnar eru nafnlausar og fá hlutaðeigandi sendar læsta slóð á vefsvæði sitt til að svara könnuninni.

Í sjálfsmatsskýrslu sem unnin verður í lok skólaársins verður ítarlega gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra matsins.

Á skólaárinu verður leitast við að auka þátttöku allra í mati á skólastarfi, gera boðleiðir skýrar og gæta að lýðræðislegum verkferlum.

Innramats teymi fundaði einu sinni í viku í allan vetur. Væri heppilegra að funda í lengri tíma í senn með lengra millibili t.d. aðra hverja viku. Teymið vann skv. áætlun og skilaði af sér skýrslu í júní. Endurskoða þarf kannanir m.t.t. orðalags og svarmöguleika.

Umbótaáætlun skólaársins 2020 - 2021

Umbótaáætlun var gerð í kjölfar innra mats (sjá [sjálfsmatsskýrslu](#)) og er hana að finna á heimasíðu skólans. Umbótaáætlunin var unnin samkvæmt innra mati síðasta árs sem og umbótaáætlun í kjölfar ytra mats. Umbótaáætlunina er hægt að sjá [hér](#).

Lestrarstefna

Lestur er undirstaða náms og eitt öflugasta tækið sem hægt er að nota til að afla sér þekkingar. Lestur og læsi er einnig mikilvæg forsenda fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því leggjum við áherslu á læsi á allri skólagöngu nemandans. Lestrarstefnu skólans má finna [hér](#).

Nemendaping var haldið þar sem fjallað var um leiðir til að efla lestarfærni og auka áhuga nemenda á lestri. Nemendur voru mjög áhugasamir og komu með góðar uppástungur sem sumum hverjum var hægt að hrinda í framkvæmd.

Viðbrögð við vá

Veikindafaraldur

Sjá viðbragðsáætlun við veikindafaraldri [hér](#).

Þegar eldgos og/eða jarðskjálfti verður er hringt til foreldra/forráðamanna ef þörf þykir.

Covid teymi sveitarfélagsins fundaði þegar Covid smit komu upp í samfélaginu og þ.a.l. skólanum í febrúar. Sameiginlegar ákvarðanir voru teknar um t.d. lokun skóla.

Rýmingaráætlun

Ef þarf að rýma skólann undirbúa kennarar rýmingu á kennslustofum. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur fengið skilaboð um slíkt og hver útgönguleið er. Kennarar fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru í öllum kennslustofum. Hver kennari er ábyrgur

fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast. Teikningar af útgönguleiðum eru í öllum kennslustofum skólans og upplýsingar um söfnunarstaði utan dyra fyrir hvern námshóp. Ef þarf að koma öllum í skjól verður farið í íþróttahúsið.

Rýmingaræfing verður miðvikudaginn 13. október kl. 10. Þá verður tilbúinn eldur með aðstoðarslökkviliðsstjóra og brunaviðvörunarbjöllur settar í gang.

Ef rýma þarf skóla eiga nemendur að koma saman á eftirfarandi stöðum ásamt kennara sínum.

1.3. bekkur. Við norðurenda sparkvallar.

4.-6. bekkur. Á suðurenda sparkvallar

7.-10. bekkur. Á vesturhlið sparkvallar

Starfsmenn, aðrir en umsjónarkennarar, við austurhlið sparkvallar.

Á síðasta skólaári var lokið við að fara yfir Handbók um öryggi og velferð í grunnskólum til þess að auðvelda starfsmönnum að hafa yfirsýn yfir alla þætti öryggis í Reykjahlíðarskóla.

Rýmingaræfing fór fram í vetur sem gekk mjög vel.

Lokaorð

Starfáætlun Reykjahlíðarskóla er birt á heimasíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlun metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla skólans. Hvert haust er starfsáætlunin endurskoðuð og birt aftur í heild sinni en einstakir hlutar endurskoðaðir á heimasíðu.